

Bolvíkingar - Vestfirðingar **ATHUGIÐ!**

Hann er kominn nýi **TOMMINN** með rauðu sósunni.
Hann er eins og hinir **TOMMARNIR**
stór, safaríkur, og ávallt nýsteiktur

Einnig er ávallt á boðstólum:

Marineraðar lambakótilettur,
franskar kartöflur, hrásalat,
sósa, pylsur, samlokur, öl,
sælgæti, ís, shake og fleira.




Gjörið svo vel að líta inn
Shell-skálinn, Bolungarvík

NÝTT - NÝTT

Höfum á boðstólum hamborgarabrauð
-með skinku, grænmeti og salati,
-með rækjusalati og grænmeti

Gleðilegt sumar
Shell-skálinn, Bolungarvík



TROMPIÐ

Létt leið
til hæstu
ávöxtunar
●●●
Eflum okkar
heimabyggð



SPARISJÓÐUR
BOLUNGARVÍKUR



Forsíðumynd teiknaði
Elínbet Rögnvaldsdóttir

EITT LÍTIÐ PEÐ
1. tbl. 1. árg. apríl 1986

Útgefandi:
Skákdeild UMFB

Ábyrgðarmaður og
umsjón með efni:
Magnús Sigurjónsson,
Traðarlandi 3,
415 Bolungarvík

Útlitsteikning:
H-PRENT/S.J.S.

Setning/umbrot:
H-PRENT


Filmuvinna/prentun:
H-PRENT



EITT LÍTIÐ PEÐ

Tilurðarspjall

Síðustu mánuði hefur ábyrgðarmaður blaðs þessa verið að reyna að safna ýmsum gögnum um skáklíf Bolvíkinga fyrr á tímum. Hefur allt slíkt lítinn árangur borið og er ástæðan fyrst og fremst sú að skriflegar heimildir um skák-iðkan Bolvíkinga eru af ærið skornum skammti, t.d. hefur ekki tíðkast að skrifa skákir fyrr en á síðustu árum. Í viðræðum og bréfaskriftum við elstu og helstu skákmenn Bolvíkinga hefur það helst komið fram að skáklíf hafi ávallt verið mjög blómlegt í Bolungarvík og heimahúsataflmennska töluvert iðkuð. En mikið vantar upp á til að um heilsteyp á grip gæti orðið að ræða. Hér með er því lýst eftir frekari upplýsingum. Mætti þar vera um að ræða sögur af skemmtilegum skákmönnum, sagt frá skákviðburðum, vísur um skák eða skákmenn og svo framvegis.




Engu að síður er í það ráðist að reyna að gefa út bolvískt skákblað. Er það dirfska nokkur en með hjálp velunnara skáklistarinnar hefur það tekist og ber að þakka kærlega allan stuðning. Að lokum vil ég biðja menn að taka viljann fyrir verkið og taka með umburðarlyndi við blaði þessu.

Gleðilegt sumar
Magnús Sigurjónsson

Efnisyfirlit:

Blómaskeið	bls. 5
Nokkrar skákir Daða Guðmundssonar	bls. 7
Fyrsta taflfélag Bolvíkinga	bls. 9
Rifjuð upp nokkur úrslit skákmóta í Bolungarvík	bls. 11
Söngur, vín, víf og skák	bls. 13
Eggert Gilfer með fjöltefli	bls. 13
Athyglisverð skák	bls. 15
Upptalning á fjölskákum í Bolungarvík	bls. 17
Þrjár vinnings-skákir Guðmundar Gíslasonar	bls. 19
„Ég er ekki teóriúhestur“. Halldór G. Einarsson	bls. 20
Sveins þáttur Halldórssonar	bls. 22
Skákdæmi	bls. 23
Myndir frá skáklífínu	bls. 25




NESTI HF

Ártúnshöfða - Bíldshöfða - Fossvogi

Vestfirðingar athugið!

NESTI liggur í þjóðbraut,
lítið við og reynið viðskiptin



NESTI HF Ártúnshöfða - Bíldshöfða - Fossvogi

BLÓMASKEIÐ

Mikil gróska var í skáklífi Bolvíkinga á sjötta áratugnum. Glæsilegur árangur Friðriks Ólafssonar á skáksviðinu hefur eflaust aukið áhuga manna á íþróttinni. Í barna- og unglingskólanum var farið af stað með skákkennslu. Skólustjóri þá, var Sigurjón Jóhannesson og við fengum hann til að segja örlítið frá því starfi.

„Veturinn 1955-1956 hóf ég skákkennslu og skákæfingar meðal nemenda barna- og unglingskólans. Var skáklíf mjög fjörukt um veturinn og skákkennsla reglulega. Einn nemenda unglingskólans, Magni Steinsson færði skólanum að gjöf fjögur ný töfl og mun þar hafa átt að bakhjarli föður sinn, Stein Emilsson, þann góða dreng. Síðari hluta vetrar hófst svo skákkeppni meðal unglingsanna. Lágu úrslit fyrir um vorið. Sigurvegari varð Óskar Hálfðánarson, í öðru sæti varð Magni Steinsson og í þriðja sæti Guðmundur Eyjólfsson. Við skólaslit um vorið voru veitt verðlaun fyrir keppnina. Undir vor 1956 tefldi ég fjölskák við 23 nemendur. Af þeim voru 20 úr unglingskólanum af 25 nemendum hans þá um veturinn. Sýnir það hve skákin var almenn orðin. Ég vann 21 skák, tapaði fyrir Guðmundi Baldri Sigurgeirssyni og gerði jafntefli við Magna Steinsson og Jón Eðvald.

Næsta vetur var einnig mikil gróska í skáklífi skólans. Voru 26 nemendur á fyrsta skákkennslu vetrarins og voru taflfundir nokkuð reglulega allan veturinn. Seinni hluta vetrar var haldin skákkeppni skólans og urðu efstir og jafnir að vinningum Óskar Hálfðánarson og Daði Guðmundsson og í þriðja sæti Jón Eðvald. Sérstök keppni var meðal stúlkna og sigraði þar Bára Benediktsdóttir, lagði hún alla sína keppinauta að velli. Verðlaun voru síðan veitt við skólaslit. Í mars tefldi ég fjölskák við nemendur á 21 borði, vann 15, tapaði tveim og gerði fjögur jafntefli. Voru menn nú harðari en árið áður. Á sama tíma og fjölskákinn var, hélt Gunnar Salómonsson, sá frægi aflraunakappi barnasýningu í félags-

heimilinu, en ekki hafði það mikil áhrif á þáttöku manna. Sýnir það hve rík itök skákin hafði í mönnum.“

Sigurjón Jóhannesson lét af skólustjórn 1957 og flutti til Húsvíkur.

Það ár tekur Björn Jóhannesson við stjórn skólans. Björn bjó í Bolungarvík til hausts 1963. Hann er mikill áhugamaður um skák og hafði teflt í landsliðsflokki áður en hann flutti til Bolungarvíkur. Björn tók virkan þátt í skáklífinu og leiðbeindi einnig í skólanum. Á þessum árum voru samskipti við Ísfirðinga mikil og segir Björn nú aðeins frá þeim.

„Taflfélag Ísafjarðar starfaði af

Gunnarsson, síðar forseta skáksambandsins, en hann var einnig þjálfari þeirra Ísfirðinga í fótbolta.“

Fleiri kunna kapp mætti nefna, eins og Einar S. Einarsson, síðar forseta skáksambandsins, Einar Val Kristjánsson, Óskar Brynjólfsson og Gísli Kristjánsson sundhallarforstjóra, þann mikla Bolvíking, en í bæjarkeppnum Ísfirðinga og Bolvíkinga vildi hann ekki sjá annað en að tefla í liði Bolvíkinga. (Gísli var dóttursonur Hávarðs Sigurðssonar, þess er bestur póttí bolvískra skákanna um aldamótin).

Að lokum birtist hér skák frá keppni Akureyringa og N-Ísfirðinga



Björn Jóhannesson fyrir miðri mynd í „Systir María“

miklum þrótti á þessum árum. Voru þar margir góðir skákmenn og skemmtilegir. Nefni ég t.d. Magnúsana Aspelund og Kristinsson, Birgi Valdimarsson, Ásgeir Överby, Guðfinn Kjartansson, Matthías Kristinsson o.fl. að ógleymdum Magnúsi Alexanderssyni (Malex í kunningjahópi), úr Sléttuhreppi, sem þá dvaldist á Ísafirði við bifvélavirkjun. Marga kvöldstundina var skotist inn á Ísafjörð, oftast í hraðskák en einnig í kappskák. Ísfirðingar fengu þá í heimsókn meistara eins og Arinbjörn Guðmundsson, sem fluttur er til Ástralíu, og Gunnar

í júní 1963. Þar eigast við fyrsta borðs mennirnir Björn Jóhannesson og Jón Björgvinsson, sem um þær mundir og lengi síðan hefur verið einn mestur kappi norður þar. Skákin er með skýringum Björns.

Skákkeppni Vestfirðinga og Akureyringa, júní 1963.

Hvitt: **Björn P. Jóhannesson**
Bolungarvík
Svart: **Jón Björgvinsson**
Akureyri

SIKILEYJARVÖRN

1. e4 c5 2. Rc3 -

BLÓMASKEIÐ

Hið svokallaða lokaða afbrigði, rólegt og hægfara og gott til að sneiða hjá hinum hvassari afbrigðum þessarar varnar, sem oft leiða til ærinna sviptinga.

2. - Rc6 3. g3 g6 4. Bg2 Bg7 5. d3 d6 6. Rge2 Bd7 7. Rd5 -

Ekki beint eftir kokkabókunum að ana af stað, áður en liðskipan er lokið, a.m.k. hrókfæringu. En ætlunin mun hafa verið að hræra í pottinum.

7. - Rd4 8. c3 RxR 9. Dxr Bc6 10. O-O e6 11. Re3 -

Að sjálfsögðu var ekki þörf á að hörfa, en ekki betra að bíða eftir **Re7**, ef ekki á að fara í uppskipti og einfalda taflið. Leikurinn er þó tæpast fagur, en skilar árangri.

11. - Re7 12. f4 Dd7 13. f5 gPxP 14. PxP BxB 15. Kxb Be5

Hálf vandræðalegur leikur, en svartur á í erfiðleikum, hótunin er **f6** og auk þess er hann enn ekki búinn að hróka. Kannski var **Bh6** skárri.

16. Rg4 O-O-O 17. RxB PxR 18. Bg5 Hhg8 19. BxR DxB 20. Dxp Hxdp 21. Had1 Hgd8 22. HxH HxH 23. Dh8+ Dd8 24. DxD Kxd

Upp er komið endatafi sem er hvítum í vil vegna veilna í svörtu



Sigurjón Jóhannesson í hlutverki Haraldar í Skugga-Sveini. Mótleikari hans er María Haraldsdóttir

peðastöðunni, en hvítur þarf hins vegar engar áhyggjur að hafa.

25. PxP PxP 26. Hf2 Ke7 27. Kh3 - Hér hefst skrýtið ferðalag hvíta kóngsins, en kóngurinn er líka maður!

27 - e5 28. Kg4 Ke6 29. Kg5 Hd7 Hrókurinn neyðist til að fara í vörmina. Svartur á engu gagnkosta vöi

30. Hf6+ Kd5 31. Kf5 e4 32. Kf4 He7 33. Ke3 -

Tilgangi kóngsferðalagsins hefur verið náð, að koma svarta kóngs-peðinu í sjálfheldu.

33. - b5? Veikir aðeins enn frekar stöðuna. Svartur á engin sóknarfæri.

34. g4 c4 35. Hf5+ Kc6 36. h4 Hd7 Svartur getur ekkert annað en beðið átekta í von um að hvítur misstigi sig.

37. Hf2 He7 38. g5 a5 39. h5 Hd5 40. g6 PxP 41. PxP Hg7

Báðir hafa nú eignast fripeð, en hvílikur munur er þar á.

42. Hg2 Ke5 43. Hg5+ Kf6 44. HxP KxP 45. Kxp Hd7 46. Hd5 Hb7 Ekki strax **47. HxP** vegna **Hb7 47. HxP** Gefið.

Nokkrar skákir

DAÐA

GUÐMUNDSSONAR

Daði Guðmundsson hefur verið einn besti skákmaður Bolvíkinga um 30 ára skeið og vel kunnur á meðal íslenskra skákmanna. Daði varð Vestfjarðameistari 1959 aðeins 16 ára gamall og hefur síðan verið í fremstu röð. Við báðum hann að sýna okkur bestu skákirnar en hann sagði enga vera birtingahæfa(?) svo við tókum okkur þessa leyfi og birtum hér tvær skákir.



Daði Guðmundsson og Arnór Björnsson, sigurvegarar kvöldsins. Heimsókn T.R. unglunga 1977



Daði Guðmundsson að tafli við Sigurlaugu Friðþjófsdóttur.

Afmælimót U.M.F.B. 1982

Hvitt: **Daði Guðmundsson**

Svart: **Halldór G. Einarsson**

1. e4 c5 2. Rf3 d6 3. c3 Rf6 4. Ra3 g6 5. Be2 Bg7 6. O-O O-O 7. Dc2 Rc6 8. d3 d5 9. h3 Re8 10. exd Dxd 11. Be3 e5 12. Hfd1 Be6 13. Rg5 b6 14. Bf3 Dd7 15. Rxe fxe 16. De2 Rc7 17. g3 Rd5 18. Rc4 Df7 19. Bf2 Had8 20. Bg5 Hd7 21. Hf1 b5 22. Rd2 h6 23. Be3 Rd4 24. cxd cxd 25. Bxh Bxh 26. Rf3 Bg7 27. Rxe Bxe 28. Dxe Df6 29. DxD HxD 30. Be4 Kg7 31. Hac1 Re7 32. Hc5 a6 33. Hfc1 Hf7 34. Kg2 kf6 35. h4 Hh7 36. Hc7 Hd6 37. Ha7 e5 38. H1c7 Hg7 39. g4 Hb6 40. Bb7 Svartur gaf.

Verslið með VISA




Úrslitakeppni U.M.F.Í. 1977

Hvitt: **Daði Guðmundsson UMFB**
Svart: **Jónas Kr. Jónsson UMSE**

1. d4 e6 2. e4 b6 3. Be3 Bb7 4. Rd2 Rf6 5. f3 c5 6. c3 d6 7. Bd3 Rc6 8. Re2 Be7 9. O-O O-O 10. Rg3 cxd 11. cxd Hc8 12. a3 Rd7 13. f4 Bh4 14. Dg4 Bxr 15. DxB f5 16. exf exf 17. Bc4+ Kh8 18. Rf3 Rf6 19. Be6 Rg4 20. Hae1 Hc7 21. h3 Rh6 22. Rg5 Re7 23. d5 Rxd 24. Bd4 Rf6 25. Hc1 Ba6 26. Hfe1 HxH 27. HxH De7 28. Dh4 He8 29. Hc3 Bb7 30. Kh2 Hf8 31. b4 De8 32. Hc7 Be4 33. DxR Dg6 34. DxD HxD 35. BxR Svartur gaf

Pípulagnir sf — Bolungarvík

Er stíflað?
Lekur kraninn?
Þarf að endurnýja vatnslögnina?



Við leysum úr hvers konar vandamálum á sviði pípulagna.
Höfum margra ára reynslu

Pípulagnir sf - Símar 7193 og 7493

Ferskfiskútflutningur

Önnumst útflutning á ferskum fiski í gámum til Bretlands, Frakklands, Belgíu, Hollands, Vestur-Pýskalands og Danmerkur.

Við leitum allra leiða til að halda innlendum og erlendum sölukostnaði niðri.

Sandfell hf. sér um og semur um fjármögnun á fiskkössum og fiskikerjum.

Erum í stöðugu sambandi við stærstu ferskfiskmarkaði Evrópu.

Leitið upplýsinga
Hafið samband við Ólaf eða
Gísla Jón í síma 4443

Eflum vestfirzkan útflutning.

**ÍSFRANG**
SUÐURGÖTU - ÍSAFIRÐI - SÍMAR: 4443 & 3500
ÚTFLUTNINGUR SJÁVARAFURÐA


*Tefldu ekki
á tvær hættur
— veldu þér örugga leið
til farsældar í fjármálum*



LANDSBANKINN
ÚTIBÚIÐ Á ÍSAFIRÐI

Fyrsta taflfélag Bolvíkinga.

Um aldamótin 1900 voru íbúar Hólshrepps 562. Á vertíðum voru íbúarnir öllu fleiri, því fólk kom hvaðanæva að til róðra frá Bolungarvík. Á vetrarvertíð 1901 er talið að um 1000 manns hafi verið hér. Á vertíðum þessum voru oft landlegur, jafnvel svo dögum skipti í miklum ótiðum. Áttu þá sjómenn frí og reyndu þá alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni. Margir unnu handavinnu ýmiskonar, sumir lásu bækur, aðrir stunduðu leiki t.d. glímu og loks tefldu menn eða spiluðu. Algeng spil í Bolungarvík á þessum tíma voru „lomber“ og „lú“.



Bolungarvík um 1960

Á vetrarvertíðinni 1901 færast taflfélagið mjög í aukana og á þorranum er stofnað „reglulegt skáklfélag með samkomum á helgum dögum og landlegudögum.“ Í stjórn þess voru Pétur Oddsson hreppstjóri, helsti sveitarhöfðingi Bolvíkinga um langt skeið, sjöundi liður frá Jóni Ólafssyni Indíafara, Þógrímur Sveinsson kennari, síðar skipstjóri og fiskmatsmaður í Hafnarfirði og Hálfván Hálfvánarson sjómaður Örnólfs-sonar bónda og formanns frá Meirihlíð. Hálfván varð síðar útgerðarmaður í Hnífsdal og jafnan kenndur við Búd. Hann stofnaði Norðurtangann á Ísafirði. Um Hálfván kvað Gísli skáldi Jónsson 1901;

*Hálfván anda í er frjáls
ægis vandar deilu.
Á mjóu bandi meiður stáls
mælir landið keilu.*

Þorvaldur læknir á Ísafirði, sá mikli skákmaður, skrifar um stofnun skáklfélags þessa í tímaritið „Í uppnámi“ í júlí 1901. Þar getur Þorvaldur þess að sá er best þótti tefla þar hefði verið Hávarður




Bolungarvík um 1950

Sigurðsson.

Hávarður var kunnur formaður í Bolungarvík og hreppstjóri um tíma. Hann var greindur maður og skrifaði stundum í Þjóðviljann undir nafninu Hávarður karl. Árið 1898 byggði hann sér býli eitt sem hann kallaði Gullhól en var ávallt kallað

Hávarðarstaðir. Auk áður nefndra skákmanna, sem eitthvað kvað að um aldamótin má nefna Finnþoga Pétursson frá Hvítanesi, Benedikt Benjamínsson Húnvetning, Bárð Sigurðsson, Jón Norðquist og síðar Marinó Norðquist og Halldór Hávarðarson.

Kjarnaborun —sogfestibúnaður—



Bora dyragöt, gluggagöt, stigagöt,
loftrestigöt og lagnagöt

Kjarnaborun
Hafþórs Gunnarssonar
Bolungarvík, sími 7563

Vélsmiðja Bolungarvíkur auglýsir:

Bíleigendur:

- | | | |
|-------------|-----------------|---------------|
| ☆ Dekk | ☆ Síur | ☆ Loftnet |
| ☆ Keðjur | ☆ Vinnukonur | ☆ Bílapumpur |
| ☆ Keðjuefni | ☆ Ljós | ☆ Viftureimar |
| ☆ Slöngur | ☆ Hliðarspeglar | ☆ Startaklar |

og margt fleira sem við kemur rekstri bifreiðar

Bátæigendur:

Allt efni til viðgerða og viðhalds

- ☆ Málning frá Slippfélaginu
- ☆ Verkfæri frá METABO
- ☆ Rafgeymar frá BANNER
- ☆ Trefjaplastefni

Eigum fyrirliggjandi:

- | | | | |
|---------------------------|-----------------|------------------------|------------------|
| ☆ Vatnspípur og fittings | ☆ Kúluloka | ☆ Hábrýstifittings | ☆ Öryggisskó |
| ☆ Ryðfrítt stál í plötum | ☆ Renniloka | ☆ Slöngur og rör | ☆ Öryggisstígvél |
| ☆ Vinkla og prófilstangir | ☆ Einstefnuloka | ☆ DANFOSS | ☆ Öryggishjálma |
| | ☆ Gufuloka | ☆ GROHE hreinlætistæki | ☆ Heyrnarhlífar |



VÉLSMIÐJA BOLUNGAVÍKUR HF.

SÍMAR: 7380 OG 7370

Skákmót Bolungarvíkur 1958

1. Björn Jóhanness. 11 1/2 af 12
2. Óskar Hálfðánarson 11
3. Daði Guðmundsson 9 1/2
4. Sigurður Hannesson 7 1/2
5. Bárður Guðmundsson 7

Jólahraðskákmót 1968

1. Daði Guðmundsson 16 af 17
2. Jóhannes Ragnarsson 14
3. Matthías Kristinsson 14
4. Sigurður Eiríksson 13 1/2
5. Pétur Gunnlaugsson 13

8. júní 1969

1. Arinbjörn Guðmundsson 10 af 10
2. Daði Guðmundsson 9
3. Matthías Kristinsson 8
4. Sigurjón Sveinbjörnsson 6
5. Smári Haraldsson 6

Jólahraðskákmót 1971

1. Daði Guðmundsson 17 1/2 af 20
2. Matthías Kristinsson 17
3. Matthías Karelsson 16 1/2
4. Magnús Sigurjónsson 15 1/2
5. Sæbjörn Guðfinnsson 14

Jólahraðskákmót 1972

1. Daði Guðmundsson 13 af 13
2. Sæbjörn Guðfinnsson 11
3. Jón E. Guðfinnsson 10 1/2
4. Guðmundur Einarsson 9
5. Þorgeir Guðmundsson 8 1/2

Júní 1981, 26 keppendur

1. Jóhann Hjartarson 6 1/2 af 7
- 2.-3. Unnsteinn Sigurjónsson og Erlingur Þorsteinsson 5 1/2
4. Róbert Harðarson 5
- 5.-7. Elvar Guðmundsson Magnús Sigurjónsson og Guðmundur Gíslason 4 1/2

Júlí 1982, Afmælimót U.M.F.B.

1. Arnór Björnsson 5 1/2 af 6
- 2.-3. Róbert Harðarson og Ásgeir Þ. Árnason 4 1/2
- 4.-5. Daði Guðmundsson og Björn S. Björnsson 4

Vordagamót 1984

1. Jóhann Hjartarson 6 1/2 af 7
2. Árni Á. Árnason 5
- 3.-6. Ágúst Karlsson Karl Þorsteins Daði Guðmundsson og Halldór G. Einarsson 4 1/2

Rifjuð upp nokkur úrslit skákmóta í Bolungarvík



Frá skákmóti 1981. Fremstir eru Jóhann Hjartarson og Róbert Harðarson



Frá afmælimóti U.M.F.B. 1982. Róbert Harðarson, sofandi?



Frá afmælimóti U.M.F.B. Arinbjörn Gunnarsson og Unnsteinn Sigurjónsson



SKIPASMIÐASTÖÐ MARSELLIUSAR hf.
Símar: Skrifstofa 3575 - Lager 3790
Pósthólf 371 400 Ísafirði

Um leið og við minnum á tilveru okkar með skákkveðju til allra okkar viðskiptamanna, þá viljum við kynna mikið úrval af útgerðarvörum

- ★ Vantspennur
- ★ Skrüflásar
- ★ Trollásar
- ★ Snurvoðalásar
- ★ Heysikrókar

ásamt fjöldanum af ryðfríum boltum, skrufum og hosuspennum.

Með ósk um velfarnað
Gleðilegt sumar

Verzlun

Bjarna Eiríkssonar

Stofnuð 1927 — Sími 7300

Óskum vestfirskum skákmönnum velfarnaðar í leik og starfi



JÓN FR. EINARSSON

Byggingaþjónustan Bolungarvík
Símar: 7351 - 7353 - 7350

- ☆ Byggingarvöruverzlun
 - ☆ Allt til bygginga á einum stað
 - ☆ Húsgagnadeild
- Húsgögn í allar vistarverur hússins

Verð og gæði við allra hæfi
Staðgreiðsluafsláttur
eða greiðslukjör

Sigurjón og Sveinbjörn S/F

óska vestfirskum skákmönnum velfarnaðar í leik og starfi.

Gleðilegt sumar

Söngur, vín, víf og skák

Halldór Hávarðarson Sigurðssonar var einn litríkasti skákmaður Bolvíkinga á fyrstu tveim tugum þessarar aldar. Halldór var formaður um skeið eins og eftirfarandi formannsvísa Gísla Jónssonar frá 1901 ber vott um:

*Halldór ungur Hávarðsbur
hrannar lungi stýrði.
Ósvíppungur, óhræddur
áls á bungu hýrði.*

Halldór hætti snemma sjómennsku og fór að versla ásamt því að stofna og stjórna karlakór og sjá um kirkjusöng. Skák var eitt aðaláhugamála Halldórs og mun hann hafa telt mikið við vin sinn Magnús Kristjánsson eða Manga Kitta eins og hann var ávallt kallaður. Annar skákkfélagi hans var Marinó Jónsson Norðquist, sonur Jóns Norðquist. Marinó var lengi einn besti skákmaður Bolvíkinga og telfdi til dæmis við Aljechin í fjöltefli 1931 og stóð sig með sóma.

Verslun Halldórs mun hafa verið þar sem Kirkjubær stendur nú. Halldór verslaði með ýmsa nauðsynjavöru og fleira eins og þorra-blótsvísa frá 1920 eftir Jóhann Bárðarson sýnir;

*Ef þig nú að lokum vantar ofurlítið tár,
en af því hefur fengist lítið, nú í fjögur ár,
þá finndu hann Halldór Hávarðar, því
hafa mun hann enn
það heilnæmasta lífsins vatn, er
smakkað hafa menn.*

Halldór flutti til Siglufjarðar upp úr 1920 og stofnaði þar og stjórnaði karlakórnum Vísi og dó þar aðeins 47 ára gamall.

Systir Halldórs, Sigríður bjó lengi á Hávarðarstöðum ásamt manni sínum Kristjáni Gíslasyni. Synir þeirra, Benedikt, Gísli og Salómon voru á sínum tíma í hópi bestu skákanna Bolvíkinga. Gísli Kristjánsson sá um rekstur skákstofu í nokkum tíma, sem var í kjallara stúkuhússins (sjá ljósrit af reikning) en áður (1932-33) hafði U.M.F.B. haft herbergi til skákiðkunar í Norska húsinu en verið sagt upp því húsnæði.

Eggert Gilfer með fjöltefli í Bolungarvík, 30. og 31. mars 1959

1. Daði Guðmundsson	0		1/2
2. Þorgeir Guðmundsson	0		1/2
3. Sæbjörn Guðfinnsson	1		1/2
4. Jón S. Ásgeirsson	0		0
5. Víðir Benediktsson	0	Magnús Haraldsson	1/2
6. Magnús Snorrason	0		0
7. Hreinn Eggertsson	0	Guðjón Bjarnason	0
8. Sigurjón Sveinbjörnsson	1/2		0
9. Steinn Emilsson	0		0
10. Einar Guðmundsson	0	Vagn Hrólfsson	0
11. Einar Hálfðánsson	1		0
12. Þorkell Sigmundsson	0		0
13. Kristján Júlíusson	0	Sigurvin Guðbjartsson	0
14. Sólberg Jónsson	1	Gunnar Halldórsson	1/2
15. Ásgeir G. Kristjánsson	0		0
16. Guðmundur Kristjánsson	0		0
17. Rögnvaldur Ingólfsson	0		0
18. Jan Ingimundar	0	Haraldur Benediktsson	0
19. Guðrún Hjálmarisdóttir	1	Benedikt Þórðarson	0
20. Jón E. Guðfinnsson	1/2		1/2
21. Óskar Hálfðánsson	1/2		1/2
22. Sigurður Hannesson	0		1/2
23.		Hallgrímur Kristjánsson	0

Í fjöltefli Eggerts fyrri daginn vöktu athygli töp hans fyrir 14 ára unglings Sæbirni Guðfinnssyni og fyrir einu konunni Guðrúnu Hjálmarisdóttur

REIKNINGUR

1957. 1957.
III. Barnameikurnar Lífur N° 26
frá Gísla Kristjánssyni Bolungarvík

1957.		Kr.	aur.
	<i>an</i>		
	<i>Skákafélagar í</i>		
	<i>des 1953 1/2 - 1/50</i>	4.	50
	<i>jan 1954 de 3 - 1/50</i>	4.	50
	<i>febr - de 4 1/50</i>	6.	00
	<i>Mars - de 1 1/50</i>	1.	50
	<i>Samtala 77 afningar 1/50</i>	16.	50
	<i>101</i>	16.	50
	<i>Gætt 3/2 '54</i>		
	<i>Gísl Kristjánsson</i>		

Sundlaug BolungarvÍkur

Sund er besta líkamsræktin,
bjóðum einnig upp á ljósaböð,
saunabað og heita potta í fallegu umhverfi.



Opið alla daga
Sundlaug BolungarvÍkur



ÚTVEGSBANKINN
EINN BANKI • ÖLL ÞJÓNUSTA

Athyglisverð skák.

Helgarmót Jóhanns Þóris Jónssonar er það framtak, sem átt hefur einna stærstan þátt í eflingu skáklistarinnar út á landsbyggðinni. Fyrsta helgarskákmeitið var haldið sumarið 1980 í Keflavík og annað skömmu síðar í Borgarnesi.

Guðmundur Sigurjónsson skrifaði grein í Morgunblaðið þetta sumar, þar sem hann lofar mjög framtak Jóhanns Þóris og segir lítið eitt frá mótum þessum, meðal annars skrifar hann um ágæta frammistöðu Bolvíkinganna Hall-



Frá helgarmóti 1980. Júlíus Sig. hugsar sig um á móti ljósmyndara Þjóðviljans, Einari Karlssyni



dórs Grétars og Júlíusar Sigurjónssonar. Við grípum þar inn í.

„Tveir unglingar úr Bolungarvík hafa vakið mikla athygli fyrir snjalla taflmennsku í helgarmótunum tveimur, sem fram hafa farið. Þeir heita Halldór Einarsson og Júlíus Sigurjónsson. Í Keflavík vann Halldór gömlu kempuna Benóný Benediktsson og Júlíus yfirspilaði Íslandsmeistarann Jóhann Hjartarson gjörsamlega, en í tímahraki missti Júlíus af vinningi. Þetta var forleikurinn. Í fyrstu umferð mótsins í Borgarnesi drógust þeir félagar gegn Friðrik Ólafssyni og Margeiri Péturssyni. Stórmeistarinn komst lítið áleiðis gegn öruggri taflmennsku Halldórs og skákin endaði að lokum með jafntefli. Margeir lenti

í hrikalegum erfiðleikum gegn Júlíusi og rambaði lengi á barmi glötunar, en um síðir heppandist honum að ná jafntefli.“

Við skulum líta á skák Júlíusar við Jóhann Hjartarson.

Hvitt: Júlíus Sigurjónsson

Svart: Jóhann Hjartarson

1.e4 c5 2.Rf3 d6 3.b3 Rc6 4.Bb2 Rf6 5.Rc3 e5 6.Bc4 h6 7.0-0 Be7 8.He1 Be6 9.h3 Dd7 10.Rd5 Bxd5 11.exd5 Rb4 12.Bxe5 dxe5

Skemmtileg fórn hjá Júlíusi, sem sýnir að hann er alls óhræddur við Íslandsmeistarann.


13.Rxe5 Dd6 14.Rxf7 Kxf7 15.He6 Db8 16.d6 Bxd6 17.Df3 - sérlega glæsilegur leikur - Kf8 18.Hxf6+ - betra var Hae1 og svartur hefði mátt leggja niður vopnin, - gxf6

19.Dxf6+ Ke8 20.Dxh8+ betri var milliskákin Bb5 og unnið tafl, Kd7. 21.Dh7+ Kc6 22.De4+ Kb6 23.a4 De8 24.a5+ Kc7 25.Dh7+ De7 26.Dxh6 De5 27.Dh7+ De7 28.Df5? (Afleikur hjá Júlíusi í hrikalegu tímahraki, betra hefði verið að fara í drottningaruppskiptin með hagstæðara endatafl.) - Hf8 29.Dg4? De5 30. Hd1 Dh2+ 31.Kf1 He8 32.Be6 Rxc2 33.Dg6 Rd4, og Júlíus lagði niður vopnin. Já, heppnin fylgir þeim sterku.

Júlíus hefur því miður lagt af skákiðkan að mestu og hefur nú haslað sér völl á meðal fremstu bridgespilara á landinu. Í tilefni af því birtum við mynd af bolvískum bridgeklúbbi, tekna um 1940. Á henni eru frá vinstri; Guðmundur Jónsson, Steinn Emilsson, Sigurmundur Sigurðsson og Magnús Kristjánsson.

Vélvirkinn

óskar viðskiptavinum og starfsfólki gleðilegs sumars og bolvískum skákmönnum góðs gengis



Peir sem skipta við
SPARISJÓÐ SÚÐAVÍKUR
verða ekki svo
auðveldlega mátt!

SPARISJÓÐUR SÚÐAVÍKUR



Óskum vestfirskum skákmönnum
velfarnaðar í leik og starfi.

Gleðilegt sumar



ORKUBÚ VESTFJARÐA

Stakkanesi 1 – Pósthólf 220
400 Ísafjörður

Upptalning á fjölskákum í Bolungarvík o.fl.

Erlendir stórmeistarar:

Walter Browne tefldi við 40 manns í febrúar 1980. Hann vann 37, jafntefli við Guðmund Einarsson og töp fyrir Daða Guðmundssyni og Guðmundi Guðfinnssyni.

William Lombardy tefldi við 32 í febrúar 1978. Hann vann 28, gerði tvö jafntefli og tapaði fyrir Guðmundi Einarssyni og Ólafi Jens Daðasyni. Lombardy tók því misvel að tapa. Ólafi Jens gaf hann dollaraseðil en í tapaðri stöðu á móti Guðmundi sópaði hann allt í einu mönnum af taflborðinu og heimtaði ógildingu skákarinnar. Var hlegið að honum.

Aleksej Suetin var með kennslu í júlí 1981 og fjöltefli í lokin. Sovéski stórmeistarinn var undrandi yfir því að hafa ekki náð nema 70% vinningshlutfalli og í Vísis-viðtali segir hann: „Það kom mér á óvart, að það skyldi vera öflugt skáklíf á litlum stað eins og Bolungarvík. Fólk þar er hrifið af skák og teflir vel. Furðuvel. Og mér varð kannski fyrst ljóst þá, hvað áhugi fjöldans á skák er mikill á Íslandi.“

Lev Alburt var með kennslu og fjöltefli í Bolungarvík og á Ísafirði í lok febrúar 1982. Kennsla hans var góð en árangur hans í fjölskákunum ekki í samræmi við háa skákstigatölu hans.

Innlendir skákmeistarar:

Jón L. Ámason tefldi við 24 í febrúar 1980. Hann vann 19 og gerði 5 jafntefli.

Jóhann Hjartarson tefldi við 20 á hvítasunnu 1980. Hann vann 16 og gerði 4 jafntefli.


Friðrik Ólafsson tefldi við 35 í apríl 1978. Hann vann 26 og gerði 9 jafntefli.

Helgi Ólafsson tefldi við 26 í febrúar 1979 og vann alla. Einnig tefldi hann við 19 manns í ágúst 1985 og tapaði aðeins fyrir Práni Vigfússyni.

Að lokum má minnst á fjöltefli **Arinbjarnar Guðmundssonar** 1969, en hann tefldi við 26 skákmenn, vann 16, gerði 9 jafntefli og tapaði fyrir Unnsteini Sigurjónssyni, 10 ára.




Sovésk-bandaríski stórmeistarinn Lev Albur t að lýsa ágætum Alekhine-varnar í Bolungarvík



Frá fjöltefli Alburts í Sjómannastofunni í Bolungarvík. Frá vinstri: Halldór G. Einarsson, Páll Áskelsson, Einar S. Einarsson og Daði Guðmundsson




Frá fjöltefli Lev Alburts. Frá vinstri: Hjörleifur Guðfinnsson, Sæbjörn Guðfinnsson, Ragnar Sæbjörnsson, Magnús Pálmi Örnólfsson, Hannes Már Sigurðsson og Símon Þór Jónsson. Einnig sést á hlið Alburts.



óskar vestfirskum
skákmönnum velfarnaðar
í leik og starfi



HRADFRYSTIRÚSIÐ
NORÐURTANGI HF



BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR
óskar vestfirskum skákmönnum velfarnaðar í leik og starfi



Þrjár vinningsskákir Guðmundar S. Gíslasonar frá deildakeppni Íslands

Guðmundur Stefán Gíslason er 22 ára gamall Ísfirðingur. Að undanfögnu hefur hann vakið á sér athygli fyrir góða frammistöðu við skákborðið og er mikils af honum að vænta í framtíðinni. Guðmundur hefur verið helsta tromp skák-sambands Vestfjarða í deildakeppni Íslands og má þakka honum, að öðrum ólöstuðum, að Vestfirðingar héngu í fyrstu deild í skák í ár. Hann tefldi þar á fyrsta borði og hlaut sex vinninga af sjö og varð efstur fyrsta borðs manna. Aldeilis frábær árangur það. Er því við hæfi að birta hér þrjár vinnings-skákir hans frá deildakeppni Íslands.



Vinir vorir Ísfirðingar ákveðnir á svip í Bolungarvík.
Frá hægri: Ásgeir Överby, Hallur Páll Jónsson, Arinbjörn Gunnarsson, Guðmundur Gíslason og Guðmundur Gunnarsson.

Deildakeppni Íslands, 18. sept. 1982
Hvitt: Jóhann Hjartarson
Svart: Guðmundur S. Gíslason

1. d4 Rf6 2. c4 g6 3. Rc6 Bg7 4. e4 d6 5. Rf3 O-O 6. Be2 Rc6 7. d5 Rb8 8. O-O Rd7 9. He1 Rc5 10. Bf1 a5 11. h3 e5 12. dxe Bxe 13. Bf4 Rd7 14. Rd4 Re5 15. Rxe fxe 16. Be3 Rd7 17. Bd4 BxB 18. DxB Re5 19. De3 Df6 20. Had1 Hf7 21. Be2 Haf8 22. Hf1 g5 23. b3 Hg7 24. Rb5 Dg6 25. f3 Df6 26. a3 Rc6 27. Hb1 e5 28. b4 Re6 29. c5 dxc 30. bxc Rf4 31. Bc4+ Kh8 32. Rc3 Rd4 33. Hxb Dc6 34. Hfb1 Dxc 35. Hb8 h5 36. Rd1 HxH 37. HxH+ Kh7 38. Bf1 g4 39. fxg hxg 40. Kh1 Dc2 41. Rc3 g3 42. He8 Rde6 43. Df3 Db3 44. a4 c6 45. De3 Db2 46. Re2 RxR 47. Hxe6 Rf4 48. Hxc Da1 49. Df3 Dxa 50. Hf6 De8 51. Ha6 Dd8 52. Db3 Dd2 53. Dd6 Rxh 54. De6 Rf2+ 55. Kg1 Df4 56. Hxa Rxe 57. Dh3+ Kg6 58. Ha6+ Rf6 59. Bd3 Kg5 og hvítur gaf.

Deildakeppni Íslands, 19. okt. 1985
Hvitt: Guðmundur S. Gíslason
Svart: Björgvin Jónsson

1. c4 Rf6 2. Rc3 c5 3. Rf3 Rc6 4. g3 d5 5. cxd Rxd 6. Bg2 Rc7 7. O-O e5 8. d3 Be7 9. Bd2 O-O 10. Hc1 Be6 11. Rc4 b6 12. b4 Rxb 13. Bxb cxb 14. Rxe Bd5 15. Rc6 Dd7 16. Re5 Dd8 17. Da4 Re6 18. e3 De8 19. Da6 f6 20. Rxf Bxf 21. Bxd Bxe 22.

Hc6 Hf6 23. Dc4 Kh8 24. Bxe b5 25. De4 Hd8 26. f4 Hxe 27. Hxe Dxe 28. fxe h6 29. d4 a5 30. d5 De7 31. e6 He8 32. Dg6 Hg8 33. Df7 Da5 34. e7 Dxc 35. Hg2 Dc2 36. Kh3 g5 37. Hf2 Dc3 38. Df6 Kh7 39. d6 Hg6 40. Df4 De1 41. D7 Hg7 42. De8 - svartur gaf.

Deildakeppni Íslands, 4. apríl 1986
Hvitt: Áskell Örn Kárasón
Svart: Guðmundur S. Gíslason

1. d4 Rf6 2. c4 g6 3. Rc3 Bg7 4. e4 d6 5. Be2 O-O 6. Rf3 Rbd7 7. O-O

e5 8. Be3 He8 9. Dc2 c6 10. Hfd1 Dc7 11. h3 exd 12. Bxd a6 13. Be3 b5 14. cxb cxb 15. Bf4 Rxe 16. Mc1 Rxc 17. bxc Re5 18. c4 Bf5 19. Dd2 Rxc 20. Bxc bxc 21. Bxd Dc6 22. Db4 Hc8 23. Rd4 Bxd 24. Hxd c3 25. Bf4 h5 26. Be3 c2 27. a4 Dc3 28. Dxc Hxc 29. Kf1 Be4 30. h4 Bf5 31. Ke2 He4 37. Kd2 He6 38. Ha1 Hd6 39. Kc1 He6 40. Kd2 Hd6 41. Ke1 Hd3 42. Be5 Hb3 43. Hc1 Hb1 44. Kd2 a5 45. Bd6 f6 46. Ba3 Hb3 47. Bc5 a4 48. Be3 a3 49. Ke2 a2 50. Bd4 Hd3, og hvítur gaf.



Mjólnir H/F

óskar viðskiptavinum sínum gleðilegs sumars og bolvískum skákmönnum góðs gengis.

Jakob Valgeir

óskar starfsfólki sínu gleðilegs sumars og bolvískum skákmönnum góðs gengis.

„Ég er ekki teoríuhestur“

Halldór Grétar Einarsson hefur verið virkastur bolvískra skák- manna undanfarin ár og jafnan staðið sig með þrýði og verið byggðarlagi sínu til sóma.

Halldóri hafa hlotnast öll helstu verðlaun í yngri flokkum Íslands- mótanna, til dæmis varð hann drengjameistari Íslands, skólaskák- meistari Íslands í yngri og eldri flokki og hefur teft fyrir Íslands hönd í ýmsum norrænum skólaskák- keppnum. Hann varð í 1.-2. sæti 1981 á Norðurlandamóti einstak- inga í skólaskák ásamt Simen Agdestein og einnig í 1.-2. sæti á samskonar móti 1985, en varð í bæði skiptin í öðru sæti á stigum. Norðurlandameistari hefur hann orðið með skáksveit M.H. en Halldór stendur á tvítugu þegar þetta er ritað og er að ljúka stúdentsprófi þaðan. Of langt mál yrði að rekja önnur helstu afrek Halldórs á skáksviðinu en þó má að lokum minnst á glæsilegan sigur hans á fimmtán mínútna móti á skákhátíð Hafnirðinga haustið 1985. Þar hlaut Halldór níu og hálfan vinning af ellefu mögulegum og skaut aftur fyrir sig öllum titil- höfum landsins að Friðrik Ólafssyni einum undanskildum, en hann gat ekki tekið þátt í þessu móti.

Í stuttu spjalli við Halldór kemur fram að hann hafi lært manngang- inn 10 ára en byrjað að tefla fyrir alvöru veturinn 1978-79. Gefum honum orðið: „Já, ég áneitjast skákbafteríunni veturinn sem fyrsta skólaskákmótið var haldið. Síðan hef ég verið þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að tefla við hina geysi öfluggu bolvísku skákmenn og hef lært mikið af þeim. Þá hefur skákdeild U.M.F.B. verið að senda mig út um hvíppinn og hvappinn á allskonar námskeið og skákmót og er slíkt ómetanlegt og vil ég nota tækifærið hér og þakka öllum hlutaðeigandi



Frá afmælistóti U.M.F.B. 1982 Daði Guðmundsson og Halldór G. Einarsson kljást. Á horfir Magnús Pálmi og til vinstri er Hannes Már Sigurðsson

fyrir mig.

Þú spyrð um uppáhaldsskák- mann. Það er náttúrulega Kasparov. Ég reyni samt ekki að líkja eftir hans skákstíl heldur mótast mín taflmennska að mestu af þeim, sem ég tefli við hverju sinni.

Uppáhaldsbyrjanir eru engar sér- stakar. Þó vel ég byrjanir fremur út frá því hvort skemmtilegt sé að tefla þær heldur en út frá einhverju hag- nýtu gildi. Til dæmis leiðast mér þessar 20 leikja teoríur, sem margir reyna að rembast með.

Athyglisverðar eða eftirminni- legar skákir? Ætli það séu ekki eftir- farandi tvær skákir. Sú fyrri er telfd 1981 á Norðurlandamóti í skóla- skák og hin seinni á Reykjavík-ur- mótinu 1984.

Hvít: Halldór Grétar Einarsson Svart: Simen Agdestein, Noregi Sikileyjarvörn (Drekaafbrigðið) 1. e4 c5 2. Rf3 d6 3. d4 cxd4 4. Rxd4 Rf6 5. Rc3 g6

Upphafsleikur Drekaafbrigðisins í Sikileyjarvörn. Á þessum árum var Agdestein einlægur aðdáandi

Drekans en núna hefur hann breytt um leikkerfi og teflir franska vörn með góðum árangri.

6. Be3 Bg7 7. f3 0-0 8. Bc4 Rc6 9. Dd2 Bd7 10. 0-0-0 Hc8 11. Bb3 Re5 12. h4 h5

Þegar þessi skák var tefld hafði enski stórmeistarinn Anthony Miles nýlega gefið út bók um Dreka- afbrigðið. Þar stingur hann upp á þessum leik í stað gamla fram- haldsins 12. - Rc4. Ég hafði ekki séð þessa bók og varð því að notast við brjóstvitið.

13. Bg5 Hc5 14. g4 hxg4 15. Hdg1

Þessi leikur er hvergi nefndur í „teoría“ bókunum. Teoríafram- haldið í þessari stöðu er 15. h5 Rxb5 16. Rd5. Hugmyndin með Hgd1 er að sækja eftir g-línunni og þá sérstaklega á veika peðið á g6.

15. - Rc4

Svartur mátti alls ekki leika 15. - Rxf3 vegna 16. Rxf3 gxf3 17. Bxf6 Bxf6 18. Hxg6+ með máti. 15. - gxf3 er mögulegt, en hvítur fær ágætis sóknarfæri eftir 16. Bxf6 Bxf6 17. Rxf3.

16. Dd3 b5 17. f4 a5

Drottning a5 hefði verið betri leikur því nú nær hvítur að draga mesta broddinn úr sókn svarts með sterkum varnarleik.

18. a4! b4 19. Rcb5 Bxb5 20. Rxb5 Dc8 21. h5 Rxb5

Að drepa með peði er ekki gæfu- legt vegna 22. Bxf6 bxf6 23. e5 dxe5 24. Hxh5 e4 25. Dh3.

22. Bxc4 Hxc4 23. Bxe7 Rxf4 24. Dd2 b3

Svartur virðist vera að fá hættu- lega sókn. En það er líka eins gott að hún endi með máti því hvítur hótar einfaldlega að fara með drottningu sína á h-línuna og máta svarta kónginn.

25. c3 Hxa4 26. Dxf4 Dc4 27. Dh2!

Hvítur er allsendis óhræddur við sókn svarts, enda búinn að sjá undankomuleið fyrir kóng sinn.

27. - Ha1+ 28. Kd2 Bxc3 29. Rxc3 Dd4+ 30. Ke2 Dc4+ 31. Ke3 Dc5+ 32. Kd3!

Nú á svartur enga skák og mál blasir við kóngi hans. Hann grípur því til örþrifaráða.

32. - Dh5 33. Dxb5 gxb5 34. Hxa1 gefið.

Seinasta von svarts var að hvítur myndi leika 34. Hxh5 ? Hxg1 35. Bf6 ? því þá hefði hann getað leikið Hg3+ ásamt Hh3.

Hvít: Ágúst Karlsson

Svart: Halldór Grétar Einarsson Kóngsindversk vörn.

1. c4 Rf6 2. Rc3 g6 3. g3 Bg7 4. Bg2 0-0 5. Rf3 d6 6. 0-0 Rc6 7. Hb1

7. d4 er algengari leikur. Upp- byggingin sem Ágúst velur sést þó alltaf öðru hverju. Magnús okkar Sigurjónsson teflir það t.d. all oft og var ég því öllum hnútum kunnugur.

7. - e5 8. b4 He8 9. b5 Rd4 10. e3 -

Eins og framhaldið leiðir í ljós hefði verið öruggara að leika d3. Nú verða hvítu reitirnir í stöðu hvíts veikir og það á eftir að valda honum miklum erfiðleikum.

10. - Rxf3+ 11. Bxf3 e4 12. Bg2 Bf5 13. d4 exd3!

Ef svartur leikur ekki þessum leik verður staða hans hálf bitlaus og hvítur getur áhyggjulaus haldið áfram peðasókninni á drottningar- væng.

14. Bxb7 Rd7!

Svartur hefur ekkert á móti því að gefa hrók fyrir sterkan varnamann.

15. Bxa8 -

Svartur vanmetur styrk svörtu stöðunnar, enda virðist næsti leikur hans gefa honum yfirburðastöðu.

15. - Dxa8 16. Rd5 Bh3 17. f4

Bxb2 22. Dxb2 með mótspli eftir a1-h8 skálinunni.

21. - Bc8! 22. Hf2 Bb7 23. Kf1 d5 24. cxd5 Bxd5 25. Db4 Dd3+ 26. Kg1

Það er spurning hvort e1 sé ekki betri reitur fyrir kónginn því svartur græðir ekkert á 26. - Hxe3+ 27. Bxe3 Bc3+ 28. Bd2 Bxb4 29. Hxb4.

26. - He4 27. Hb3 Dc2 28. Da3 He8

Einnig var hægt að leika 28. - Dd1+ 29. hf1 Dxd2 30. Hd3 Dxa2

31. Dxa2 Bxa2 32. Hd8+ Bf8 33. Ha1 Ha4. En þar sem ég átti eftir



Frá helgarmóti 1980 í Bolungarvík. Halldór G. og Magnús S.

17. f3 var mun eðlilegri og betri leikur því hann lokar hinni hættu- legu skálinu a8 h1.

17. - Rb6 18. Dxd3 Bf5 19. Rxb6 axb6 20. Db3 De4 21. Bd2 -

Ekkí gekk 21. Bb2 vegna Bh3. En besta vörn hvíts var fólgin í 21. Hb2

lítinn tíma og grunaði Ágúst um græsku þá valdi ég aðra leið.

29. Dc1 De4 30. Kf1 Ha8 gefið

Eftir 32. Dxa3 Dh1+ 33. Ke2 Bc4+ tapar hvítur kerlingar- beyglunni.

Verkalýðs og Sjómannafélag Bolungarvíkur óskar bolvískum skákmönnum gleðilegs sumars og góðs gengis

Sveins páttur Halldórssonar

Skákdæmi í blaði þessu eru öll eftir Svein Halldórsson. Sveinn bjó í Bolungarvík 1912-1943, lengst af sem skólustjóri. Sveinn var dugmikill hæfileikamaður og var orðaður við nánast allt félagsmála-starf í Bolungarvík, þau ár sem hann bjó þar. T.d. starfaði hann um tíma í U.M.F.B. og var þar m.a. í skáknefnd árið 1923 ásamt Jakobi Bárðarsyni en Jakob fórst á sjó þetta sama ár og varð öllum harmdauði og Þorsteini Arnórssyni, síðar skipstjóra á Ísafirði.

Sveinn var ötull mjög í verkalýðsmálum, leikari var hann ágætur og setti á svið mörg leikrit. Þá var hann ágætlega hagnætur og eru ýmsar stökur hans landsþekktar.

Hér verður þó aðallega fjallað um mikinn skákáhuga hans, sem varð til þess að hann varð einn besti skákdæmahöfundur landsins á sinni tíð.

Strax á fyrstu árum sínum í Bolungarvík pantaði hann skákbækur erlendis frá og mun hann í hópi þeirra fyrstu, sem það gerðu í einhverjum mæli hér á landi.

Snemma gat að líta í skákbókasafni hans nöfn eins og; Andersen, Mieses, Vidmar, Blackburn, Steinitz, Morphy, Pillsbury, Marshall, Capablanca og fleiri. Þá átti hann öll mótsblöð Norðurlandaskákmótanna. Baldurshagi, heimili Sveins varð því fljótt miðstöð skáklífs í Bolungarvík og urðu margar skákhelgarnar fjörugar á Baldurshaga.

Skákbækur Sveins komu þá að góðum notum því byrjanþekking manna jókst stöðugt (þeir fóru að tefla eftir "teóríu" á reykvisku skákmannamáli) og samfara aukinni þekkingu varð áhugi manna meiri. Hugsanlega gæti gróska þessi í bolvíska skáklífi hafa verið grundvöllur fyrir blómlegt skáklíf í Bolungarvík seinna meir.

Á Baldurshaga komu alloft skákgestir eins og Aðalsteinn Bjarnason (faðir Bjarna skólustjóra á Reykjum), Karl Eyjólfsson bakari, Jón Norðquist, bræðurnir Benedikt, Salómon og Gísli Kristjánssynir og



Bolungarvík um 1940

fleiri.

Sveinn lét sér ekki lynda við taflemnskuna eina saman heldur fór hann að panta sér bækur um skákdæmi og gerð þeirra og varð svo hugfanginn af þeirri grein skáklistarinnar að hann gat sér orð sem einn besti skákdæmahöfundur landsins.

Syni Sveins er það sérlega minnisstætt hve undarlegt honum hafi þótt er pabbi hans lokaði sig inni á skrifstofu sinni í öllum jólaeyfum í mörg ár við tilbúning skákdæma og sú fagaða kyrrð er ríkt þar á skrifstofunni.

Skákdæmi Sveins hafa birst víða í blöðum og tímaritum og mun Guðmundur Arnlaugsson einnig hafa haft við hann viðtal fyrir útlarp um skákdæmagerð hans.

Að síðustu má geta þess að skákáhugi Sveins virðist hafa gengið í erfðir, því sonur hans Haukur telfdi tveggis í landsliðsflokki og sonarsonur hans Sveinn Rúnar varð fyrsti unglingsmeistari

Íslands, þegar byrjað var að tefla um þann titil. Annar sonarsonur Sveins Halldórssonar er flestum skákmönnum að góðu kunnur, en sá er enginn annar en Óttar Felix Hauksson.

Af skemmtilegum samskiptum við bolvíska skákmenn, sagði Sveinn til dæmis frá því er hann heimsótti Sigurð Sigurðsson, náttúrugreindan alþýðumann og baráttujaxl. Sigurður var faðir Guðrúnar móður Bernóðusar Halldórssonar og stundaði sjómennsku langt fram á elliárin.

Sveinn og Sigurður telfdu oft saman og gekk svona á ýmsu eins og gengur. Þegar vel gekk hjá Sigurði í skákinni átti hann til að segja: „Þeim skal úr garði fylgja, sem maður vill að aftur komi.“ Eða hann sagði: „Þú stendur þig betur næst, komdu aftur á morgun.“


En ef illa gekk og hann sá fram á tap, átti hann til að segja: „Farðu að búa um kona.“

Holtakjör

óskar vestfirskum skákmönnum velfarnaðar í leik og starfi.


Skákdæmi eftir Svein Halldórsson

Dæmi 1:




Hvítur mátar í þriðja leik

Dæmi 2:




Hvítur mátar í þriðja leik

Dæmi 3:




Hvítur mátar í þriðja leik

Dæmi 4:




Hvítur mátar í öðrum leik

Dæmi 5:




Hvítur mátar í þriðja leik

Dæmi 6:




Hvítur mátar í öðrum leik

Dæmi 7:




Hvítur mátar í þriðja leik

Dæmi 8:



Hvítur mátar í öðrum leik


Dæmi 9:



Hvítur mátar í Þriðja leik


Skákdæmi eftir Svein Halldórsson

Dæmi 10:




Hvítur mátar í öðrum leik

Dæmi 11:



Hvítur mátar í þriðja leik

Dæmi 12:



Hvítur mátar í öðrum leik




Óskum vestfirskum
skákmönnum
velfarnaðar
í leik og starfi


BÆJARINS BESTA
H-PRENT
SÍMI 4560



Sæbjörn Guðfinnsson að tafli við Jóhann Hjartarson 1977.




Frá skákmóti 1981 í Grunnskólanum



Videoleigan TRON VIÐ HAFNARGÖTU

Nú fáum við jöfnum höndum
vinsælustu myndirnar í VHS og Beta.
Úrvalið aldrei meira.
Opið alla daga allan daginn

Videoleigan TRON
Sími 7599







Stemningsmynd.
Jóhannes Gísli Jónsson að
„studera“ með Elvari
Guðmundssyni.




Hilmar Hansson hugsar
stíft og Páli Áskelssyni
finnst gott appelsínið.

Óskum vestfirskum skákmönnum
velfarnaðar í leik og starfi



Græðir hf.
Útgerð — Fiskverkun
Stofnað 1947



Einar Guðfinnsson h. f.

Stofnað 1. nóvember 1924

Annast rekstur eftirtalinna fyrirtækja:

Íshúsfélag Bolungarvíkur hf.
Völusteinn hf.
Baldur hf.



Glæsileg deildaskipt stórverslun:

Vefnaðarvörudeild
Matvörudeild
Búsáhaldadeild
Húsgagnadeild



Einar Guðfinnsson h. f.
Sími 7200 - 415 Bolungarvík